

REGLUGERÐ

um afnám reglugerða um bann við veiðum út af Deild og Gelti.

1. gr.

Með reglugerð þessari eru felldar úr gildi eftirfarandi reglugerðir: nr. 544, 25. júlí 2002, um bann við línuveiðum út af Deild og Gelti og nr. 779, 14. nóvember 2002, um bann við línu- og handfæraveiðum út af Deild.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. apríl 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

GJALDSKRÁ

Heyrnar- og talmeinastöðvar fyrir þjónustu við þá sem eru með heyrnar- og talmein.

1. gr.

Viðgerðarþjónusta.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir viðgerð á hjálpartæki eftir að ábyrgðartíma lýkur sem hér segir:

- a. Fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur sem tekur að gera við tækið greiðast kr. 500 með virðisaukaskatti.
- b. Fyrir íhluti (varahluti) greiðist kostnaðarverð.

2. gr.

Sérfræðilæknisþjónusta.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Greining og meðferð talmeina.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir greiningu og meðferð talmeina, komu vegna endurmats hjá talmeinafræðingi og aðrar rannsóknir sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt:
 - a. Fyrir greiningu 1.540 kr.
 - b. Einstaklingsmeðferð 1.540 kr.
 - c. Meðferð tveggja sjúklinga samtímis, 1.100 kr. fyrir hvorn sjúkling.
 - d. Hópmeðferð 733 kr. fyrir hvern sjúling.